

Pegar sr. Friðrik kom heim

SRA FRÍÐRIK FRÍÐRIKS-SON er kominn heim. Hann kom með Drottningunni. Hann er kominn að vera að heiman í sex ár. Hann fór í skyndi sumarið 1939. Og þegar Esjufarþegararnir fóru frá Höfn haustið 1940 þá sat hann eftir. Hann vildi vita hver endir yrði á því, sem var að gerast á meginlandinu. Sjá með eigin augum. Eða svo hefir mjer verið sagt.

Jeg mintist ekkert á það við hann, þegar jeg skrapp heim til hans í gær. Kom aðeins til þess að sjá hann. Vita hvort hann hefði breyst. Hann var rúmlega sjötugur þegar hann fór og nú 77 ára.

Þegar jeg kom inn í stóru stofuna hans í K. F. U. M.-húsinu, þá var þar vitanlega hópur af gestum, alveg í sömu erindum og jeg. Einhver fór að ympra á því, að jeg myndi þang að kominn til þess að ná viðtali í blaðið. En sjera Friðrik aftók það. — Mjer er ekki um blaðamenn, sagði hann. Þeir komu einir fjórir til mín í einu á dögnum. Jeg sagði blátt áfram við þá, að jeg hefði verstu reynslu af blaðamönnum. Þeir væru óáreiðanlegir. Þeir færu skakkt með. Og það væri hollast að tala sem fæst, þegar þeir væru einhversstaðar nálægt. Þá fannst Ágúst Bjarnasyni ekki prófessor vissara, að benda sínum aldna vini á, að svo gæti farið, að jeg móðgaðist, ef sr. Friðrik segði meira ónotalegt um blaðamenn. En þá koma gamla góða brosið í augnakrókana á sr. Friðrik, er allir vinir hans kannast við, og svo marga hefir glatt á hans löngu æfi. Þá sá jeg það alveg fyrir vist, að hann hafði ekkert breyst í útlegðinni.


Svo var farið að segja honum frjettir úr bænum. Hann sagði, að hann hefði varast að spyrja frjetta að heiman, eftir að fólk fór að koma hjeðan í vor. Því hann vildi sjá það allt með sínum eigin augum. En þegar honum var sagt um hina nýju kirkju í Laugarnessókn og nýja presta, þá hafði hann einhvernvegin komist á snoðir um þetta allt saman áður.

— Nú dugar þetta ekki lengur, segir hann. Nú fer jeg að „smíða“ ykkur út öllum saman, því nú þarf jeg að komast niður á tollstöð og láta rannsaka föggur mínar. — Tollararnir í Höfn voru ákaflega þægilegir. Þeir ráku augun í eina öskju og spurðu hvað í kenni væri. Jeg opnaði hana. Það voru krossarnir mínir. „Tak“ sögðu þeir og fóru.

— Það er ekki að marka, sagði þá einhver. Því þú ert svo vinsæll í Danmörku. Skyldi hann ekki vera það líka hjer, hagsuðu allir, en sögðu ekki neitt.

Nú stóðu gestirnir upp, og ætluðu að lofa honum að sleppa. En jeg sagði við hann, að jeg ætlaði að verða samferða, að mig langaði til þess að sjá hann aftur á Reykjavíkur götum eins og í gamla daga. Því nú væri svo langt síðan hann hefði sjeð þar.

En þá kom Knud Zimsen til að heilsa sr. Friðrik. Og þá varð heldur en ekki fagnaðarfundur. Hann kom með vindla-



Síra Friðrik Friðriksson.

kassa og sagði: — Þessir eru sterkir! Og sr. Friðrik tók einn vindil upp úr kassanum. Hann var einhver sá dekksti sem jeg hefi sjeð. Já. Nú er það svart maður, sagði sr. Friðrik og kveikti í einum vindlinum.

— Lítið um tóbak í Danmörku á stríðsárunum, sagði jeg.

— Það þótti gott að hafa eitt Havanablað í hverjum vindli.

— Hvað var svo hitt?

— Það útala jeg mig ekki um, segir sr. Friðrik.

— Á þröskuldinum mætti sr. Friðrik einum af drengjunum sínum, sem kom til að heilsa honum. Og öðrum í innra ganginum. Hann var hátt í 3 álnir á hæð. Þeir hafa vaxið margir síðan hann fór í burtu. Og öðrum álíka stórum í ytriganginum. En sagði, er sr. Friðrik hafði tekið honum tveim höndum, að honum hefði hann heilsað í gær kvöldi.

— Ekki svona vel, sagði pilturinn og var sýnilega ánægðari er þeir skildu.

Niðri í forstofunni kom heill hópur á móti nonum.

Svo komum við út á Amtmannsstíginn. Þar var lítill drengnokki með þríhjólalestin sinn. Sr. Friðrik stekkur til hans. Þekkir þú mig ekki, segir hann, síðan í gamla daga. Jú, segir hann, jeg þekki þig, og varð allur eitt sólskinsbrós í framan. En ekki skal jeg leiða að því getum, hvernig það hefir mátt ske, því jeg áætlaði aldur hans ekki hærri en svo, að hann hafi verið nýfarinn að ganga, þegar sr. Friðrik fór.

Þegar hann víkur sjer frá drengnum, segir litli snáðinn, og tekur í jakkann hans. — Heyrðu það er annar drengur hjerna inni í garðinum. Það var auðsjeð að hann taldi, að sr. Friðrik þyrfti að heilsa öllum litlum drengjum í Reykjavík.

Við göngum fjórir niður stiginn. Þá var farið að tala um alla ungu drengina, sem voru á hafnarbakkanum kvöldið áður, og voru hreyknir er þeir sögðu: „Jeg hefi tekið í hendina á sr. Friðrik!“

— Mjer þótti það ekki nema eðlilegt, að margir væru á hafnarbakkanum í gær, segði gamli maðurinn, vegna þess hve margir farþegar voru með skipinu. En svo þótti mjer þeir nokkuð margir, sem komu til þess að hitta mig.

Síðan fór hann að spyrja um ýms nývirkir, er báru fyrir auga og þá bljes bílstjóri á okkur og við hrukkum upp á gangstjettina.

— Maður er ekki vanur svona mikilli bílaumferð, segir hann þá. Í Höfn er allt mikið rólegra á götunum.

Við 10. hvert spur komu kunningjar og vinir að heilsa hinum heimkomna. Og brátt hvarf hann mjer í mannfjöldanum. Jeg veit ekki hvenær í ósköpunum hann verður búinn að heilsa öllum. En eitt er vist, að hann hefir þegar fundið að Reykvikingar hafa ekki gleymt honum á fjarvistarárum hans.

— Hann á eftir að komast að raun um, að þeir gleyma honum aldrei.

V. St.

Bridgekeppni

UNDANFARIÐ hefir staðið yfir bridgekeppni innan Bridgefjelags Reykjavíkur, í fyrsta flokki. Fjórum umferðum er lokið og fóru þær þannig:

Í fyrstu umferð: Sveit Guðmundar Ó. Guðmundssonar vann sveit Guðlaugs Guðmundssonar, sveit Gunnars Möllers vann sveit Gunngeirs Pjeturssonar, sveit Stefáns P. Guðmundssonar vann sveit Jóhanns Jóhannssonar, sveit Jens Pálssonar vann sveit Gunnars Viðar og sveit Ragnars Jóhannessonar vann sveit Jóns Ingimarssonar.

Önnur umferð: Sveit Sveinbjörns Angantýssonar vann sveit Gunngeirs Pjeturssonar, sveit Stefáns P. Guðmundssonar vann sveit Guðmundar Ó. Guðmundssonar, sveit Gunnars Möller vann sveit Jens Pálssonar, sveit Gunnars Viðar vann sveit Jóns Ingimarssonar og sveit Jóhanns Jóhannssonar vann sveit Ragnar Jóhannessonar.

Þriðja umferð: Sveit Jens Pálssonar vann sveit Sveinbjörns Angantýssonar, sveit Guðlaugs Guðmundssonar vann sveit Stefáns P. Guðmundssonar, sveit Gunnars Viðar vann sveit Jóhanns Jóhannssonar, sveit Guðmundar Ó. Guðmundssonar vann sveit Ragnars Jóhannessonar og sveit Gunnars Möllers vann sveit Jóns Ingimarssonar.

Fjórða umferð: Sveit Sveinbjörns Angantýssonar vann sveit Jóns Ingimarssonar, sveit Guðlaugs Guðmundssonar vann sveit Ragnars Jóhannessonar, sveit Gunngeirs Pjeturssonar vann sveit Jens Pálssonar, sveit Gunnars Viðar vann sveit Guðmundar Ó. Guðmundssonar og sveit Gunnars Möller vann sveit Jóhanns Jóhannssonar.

Mikill fjöldi áhorfenda hefir ávalt verið á keppninni, þrátt fyrir mjög óhagstætt veður, enda hefir hún verið jöfn og hörð, og oft tvísýnt um hver sigur bæri úr bítum í hvert sinn.

Næst verður spilað í dag (sunnudag) kl. 1 e. h. Öllum er heimill aðgangur og fjelagsmenn fá ókeypis aðgang, enda sýni þeir skýrteini sín.

Guðjón Einarsson prentari

Einn hinna kunnustu og elstu prentara landsins frá síðari hluta 19. aldar og það sem af er þessari, verður til grafar borinn á morgun.

Sá, er þetta ritar, kynntist Guðjóni fyrst sumarið 1906. — Vakti hann athygli manna, glaður og reifur, ræðinn og ómyrkur í máli. Hann var ekki hávaxinn, en það sást, að þar sem hann var, fór maður þjettur á velli og þjettur í lund.

Guðjón fæddist í Reykjavík 30. sept. 1866, og var því rúmlega 79 ára er hann ljest að kvöldi 11. þ. m.

Hann var sonur Einarss Þórðarsonar prentsmiðjueiganda og miðkonu hans (Einar var þriggurtur) Guðríðar Magnúsdóttur í Engey, Eilífssonar formanns í Skildingarnesi, og konu hans Ingunnar Gunnarsdóttur, síðar í Hlíðarhúsum í Reykjavík.

Guðjón kvæntist 1889 Guðrúnu Ólínu Benediksdóttur — Waage, í Suðurkoti, Magnússonar Waage í Stóru-Vogum. (Þaðan er Waage-nafnið komið).

Afi Guðjóns, var Þórður Jónsson, dbrm. á Bakka á Seltjarnarnesi, sonur Jóns Einarssonar í Háteigi á Akranesi, Torfasonar, að Vindási í Kjós, Halldórs-sonar prests á Reynivöllum, albróður sjera Jóns, ins fróða í Hítardal, föður Finns, sem in alkunna Finnsens-ætt er komin frá.

Guðjón átti einn albróður, Magnús er dó af slysi þjóðhátíðarárið 1874, en hafði þá um sumarið tekið inntökuþróf í Lærðaskólann með besta vitnisburði.

Hálf-systkini Guðjóns voru: af 1. hjónabandi Einarss: Magnús, bóndi í Halakoti í Hraungerðishreppi, Guðrún — og Þórður er dó 1882. — Af 3. hjónabandi: Guðríður og Gróa.

Guðjón og Guðrún Ólína eignuðust þrjá sonu: Benedikt G. Waage, kaupmann, hinn alkunna forseta Íþróttasambands Íslands, er ber ættarnafn móður sinnar, Einar og Gunnar, húsgagnabólstrara hjer í Reykjavík, alla vaska drengi.

Það væri vert að geta þess hjer, hversu veigamikinn þátt Einar, faðir Guðjóns sál., átti í prentstarfsemi á Íslandi á sinni tíð, þar sem hann rak eigin prentsmiðju um tuga ára skeið og stuðlaði þannig að útgáfu margra merkra rita og nauðsynlegra bóka. Einar andaðist 11. júlí 1888 (að Hálsi í Kjós) og hafði Björn Jónsson ritstjóri Ísafoldar skömmu fyrr keypt prentsmiðju Einarss, er varð þannig, ef svo mætti segja, undirstaðan undir hinni gömlu Ísafoldarprentsmiðju. Einar var, sem kunnugt er, einkar áhugaður um prentmenningu Íslands, o. fl., enda orkti Gestur Pálsson um hann fallett minningarljóð.

Guðjón byrjaði prentið um fermingaráldur, fyrst hjá föður sínum og fylgdi síðan prentsmiðjunni — í Ísafold — að undanteknum stuttum tíma, er hann fór utan til Danmerkur — til frekara náms.

Hann varð síðar einn meðal



stofnenda Gutenbergprentsmiðjunnar og vann þar æ síðan, uns hann hætti prentstörfum sjötugur að aldri. Hafði þá staðið við „setjarapúltið“ samfleytt í 55 ár. — Geri aðrir betur. Honum var einkar annat um öll velferðarmál prentarastjettarinnar, enda mikils metinn innan hennar. Er hann varð 70 ára, 1936, var hann gerður að heiðursfjelaga Hins íslenska prentarafjelags.

Guðjón var gamall og nýr. Sjálfstæðismaður, skeleggur og gunnreifur. Þó kunni hann vel að meta tillögur andstæðinga er hann vissi af heilindum frambornar. Því kunni hann vel að meta góða drengi þótt í andstöðuflokki væru. En sjálfstæðishugsunin var honum eins og í blóð borin, mun hafa vitað einnig að faðir hans og Jón Sigurðsson voru góðvinir og samhuga í skoðunum.

Jarðarför Guðjóns fer fram á morgun frá Fríkirkjunni. Góðar kveðjur gamalla Reykvíkinga, eldri og yngri vina, munu fylgja merkum manni.

Sig. Arngrímsson.

75 þýskir glæpamenn frá Hollandi

Haag í gærkvöldi.

M. S. MOUTON, fulltrúi í stríðsglæpamálanefnd hinna sameinuðu þjóða, skýrði frá því í viðtali við blaðamenn í Haag í dag, að stríðsglæpamála nefnd Hollands hefði lagt fram skrá um 75 þýska stríðsglæpamenn, sem glæpi sína hefðu framið í Hollandi. Meðal þessara manna eru Seyss-Inquart, landsstjóri Þjóðverja í Hollandi á hernámsárunum, og fjórir háttsettir hershöfðingjar.

— Reuter.

- De Gaulle

Framh. af 1. síðu.

Ólski flokkurinn, hafa ekki komist að neinu samkomulagi, enda þótt víðræður milli fulltrúa þeirra hafi staðið í allan dag. Um tíma var það talið líklegt, að kommúnistar og jafnaðarmenn myndu mynda stjórn með eða án þáttöku Katólska flokksins. Annars er mikill ágreiningur innan Jafnaðarmannaflokksins, og er talið sennilegt, að af hans hálfu verði í lengstu lög reynt að miðla málum.